

Fundargerð 40. fundar flugvirkarráðs

Fundur, haldinn í flugvirkarráði þriðjudaginn 9. janúar 2024 hjá Samgöngustofu kl. 13:30 – 15:00.

Mættir: Jón Gunnar Jónsson (JGJ) frá Samgöngustofu, formaður, Friðfinnur Skaftason (FS), varaformaður, frá innviðaráðuneyti, Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (GSR) frá Tollinum, Anna Bjarnadóttir (ABB) frá Isavia, Tjörvi Einarsson (TE) frá Þjóðskrá, Guðrún Aspelund, sóttvarnarlæknir (GA), Hrund Hólm (HH) frá MAST, Brynjar Júlíus Pétursson (BJP) frá Útlendingastofnun, Ómar Annisius (ÓA) frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Jón Pétur Jónsson (JPJ) frá landamæradeild ríkislögreglustjóra, Kristín Helga Markúsdóttir (KHM), Erla Vinsý Daðadóttir (EVD) og Ómar Sveinsson (ÓS) fundarritari frá Samgöngustofu.

Fjarverandi: Gunnar Schram frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og Júlía Þorvaldsdóttir frá Þjóðskrá.

Drög að dagskrá fundar eru:

1. Fundargerð síðasta fundar og dagskrá
2. Helstu áskoranir og verkefni hjá aðilum ráðsins
3. Staða flugvirkarmála bæði hérlendis og í alþjóðlegu starfi
4. Staða mála varðandi fyrirkomulag landamæraeftirlits v/þriðju ríkja
5. Afgreiðsla flugvirkaráætlunar 2023
6. Önnur mál

1. JGJ frá Samgöngustofu opnaði fundinn, þakkaði góða þátttöku og afsakaði hvað langt var liðið frá síðasta fundi en vilji væri til að halda í það minnsta tvo fundi á ári. Hann fjallaði um fundargerð síðasta fundar með hagsmunaaðilum og fór yfir drög að dagskrá sem var samþykkt.

2. Fundarmenn fóru yfir helstu verkefni hjá þeirra stofnunum:

TE frá Þjóðskrá: Helsta verkefni hjá Þjóðskrá er útgáfa á nýju nafnskírteini, skv. Evrópskum reglum, lög um nafnskírteini tóku gildi í desember sl. en beðið væri eftir reglugerð. Þannig að útgáfa skírteinisins verður ekki tilbúin bæði af tæknilegum og lagalegum ástæðum. Skírteinið mun duga sem ferðaskilríki innan Evrópu en lausnin í síma mun aðeins gilda sem persónu-skilríki en ekki ferðaskilríki. Þróun væri í gangi innan ICAO að koma ferðaskilríkjum í síma en langt væri í að það raungerðist.

HH frá MAST: Um 500 til 600 gæludýr flutt árlega til Íslands, þar af um 15% í cabin/farþegarými, hin í lest eða farangursrymi. Reglulega eru misbrestir á framkvæmd ferla þannig að dýr sem ferðast ásamt eiganda í farþegarými fara ekki á réttan stað við komu. Enn alvarlegra eru dýr sem ekki eru skráð og flutt í farþegarými og komast inn í landið sem skapar smithættu en tvö slík tilfelli komu upp í desember sl. Einn hluti af þessu er skortur á merkingum í flugstöðinni, en Isavia er að vinna að úrbótum. Vegna innflutnings afurða rekur MAST landamæraeftirlitsstöðvar í höfnum. Í Keflavík er sú stöð staðsett inni í fraktmiðstöð Icelandair. Þetta er óheppilegt þegar aðrir aðilar en Icelandair flytja inn eftirlitsskyldar vörur. Þetta þarfnast skoðunar. ABB frá Isavia: Ekkert eitt sem stendur upp úr hjá félaginu, uppbygging heldur áfram en endurskoðun um framkvæmdaröð er í skoðun. Kaup Icelandair á Airbus þotum kallar á fleiri stæði. Verkefni eru í gangi til að auka öryggi í flugstöðinni og einnig varðandi búnað fyrir aðflug í lágskyggni. Stefnt er á minnkun haftasvæðis til að auðvelda vöktun. Einnig er unnið að stöðluðu verklagi varðandi veður og vinda þ.m.t. sem snýr að snjóruðningi.

GSR frá tollinum: Segir að það vanti samtal milli tollsins, MAST og Isavia þegar kemur að aðstöðu vegna komu dýra. Tollurinn er að gera mikið upptækt af fíkniefnum og kemur mjög vel út hlutfallslega samanborið við önnur lönd. Einnig er aukning í peningabættismálum þar sem tollurinn er að gera upptæka peninga sem er verið að reyna að flytja úr landi. Búið er að fresta nýjum tollgangi. Aðstöðuleysi er mikið og mikil þrengsli þegar framkvæma þarf leitir. Aðstöðuleysi tollsins getur leitt til tafa sem hefur bein áhrif á flugvirkt.

BJP frá Útlendingastofnun: Mikil hreyfing hjá hælisleitendum vegna ríkjandi stríðsástands víða og margir bíði niðurstöðu kærunefndar. Frekari tenging er komin á við lögreglu vegna brottvísana

JPJ frá ríkislögreglustjóra: Notkun á nýju komu og brottfararkerfi frestið til 6. október á þessu ári. Undirbúningar hefur m.a. tafist vegna tafa á afhendingu búnaðar frá birgjum s.s. hugbúnaði og sjálfvirkum landamærahlíðum. Aukning umferðar hefur áhrif á allt gangverkið og kallar á viðbætur í vinnuafli og búnaði - hefur áhrif á flugvirkina í heild sinni. Tvíhliðaviðræður eru í gangi vegna PNR tilskipunarinnar þannig að Ísland gerist aðili að tilskipuninni sem mun auðvelda beiðni um farþegalista. Lagaleg staða um að krefja flytjendur um farþegalista er þannig styrkt. Breytingar eru á kröfum á bakgrunnsathugunum m.a. er verið að taka róttækni inn sem ástæðu til að hafna bakgrunnskoðun. Verið er að horfa til starfsmanna þar sem kröfur eru hertar, meðlimir flugvirkarráðs þurfi að fara í gegnum bakgrunnskoðun.

GA sóttvararlæknir: fjallaði um eldsumbrot, eiturgös og loftmengun og aðgengi að flugvellinum og varaflugvöllum.

3. JGJ sagði frá því að helstu stefnumál ICAO væru umhverfis og jafnréttismál. KHM frá SGS fór yfir það helsta sem er að gerast í flugvirkarmálum, sjá viðhengi.
4. Þessum lið var svarað undir lið 2.
5. Flugvirkaráætlun 2023.
JGJ fór yfir áætlunina en henni var upphaflega dreift til fundarmanna með pósti í febrúar á síðasta ári. Áætlunin verður uppfærð og send fundarmönnum aftur til skoðunar og útgáfu. Í kjölfarið verða send drög að flugvirkaráætlun 2024.
6. Önnur mál
KHM segir frá því að við úttekt ICAO á flugvernd og flugvirkt hafi komið athugasemd um að það væri bara eitt flugvirkarráð en ekki sérstök flugvallanefnd sem myndi fjalla um flugvirkt (Airport Facilitation Committee) fyrir Keflavík og aðra millilandaflugvelli á landinu. Einnig kynnti hún Erlu Vinsý Daðadóttur lögfræðing hjá SGS sem sæti í flugverndarráði en það hefði komið fram í úttektinni að stofnunin þyrfti að hafa einn aðila sem tæki þátt í fundum beggja ráða. Í almennum umræðum kom m.a. fram að mögulega væri hægt að fá varafulltrúa ABB sem væri yfir innanlandsflugvöllum Isavia til að taka þátt og bóka sérstaklega umræður um aðra alþjóðaflugvelli en Keflavík.

Næsti fundur verður í apríl í ráðinu og stefnt að því að halda fund með hagsmunaaðilum í maí.